



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um rýmkun reglna um ráðningar ættingja sem stuðningsfjölskyldu

Þann 4. október 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um rýmkun reglna um ráðningar ættingja sem stuðningsfjölskyldu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðaryfirvöld rýmki reglur um ættingjaráðningar þegar kemur að því að ráða stuðningsfjölskyldur fyrir börn sem þess þurfa og hafa fengið samþykki fyrir. Mörg rök hníga að því að með því sé verið að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst leiðbeiningar og reglur um ráðningar ættingja sem stuðningsfjölskyldu of strangar. Reglurnar segja að ættingjaráðningar séu einungis heimilar í undantekningartilfellum. Almennt skyldi halda að það séu augljósir hagsmunir barnsins að ættingjar annist umönnun þess og að það sé barninu fyrir bestu að vera sem mest hluti af sínum ættingjagardi. Ef ættingi getur tekið að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu þegar slíkar aðstæður eru mætti ætla að það væri betra en að ókunnug fjölskylda annist barnið. Það er allt of mikil harka af hálfu borgarinnar að afar og ömmur og systkini foreldra megi ekki vera stuðningsfjölskyldur nema í undantekningartilfellum. Rök velferðaryfirvalda eru að hætta sé á að ættingja ráðningar verði misnotaðar. Við í Flokki fólksins teljum að það sé óþarfa tortryggni. Við eigum að treysta borgarbúum eins og önnur sveitarfélög gera. Reykjavík er einsdæmi í þessu þegar kemur að sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Umsögn

Reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra hefur ekki verið breytt. Velferðarsvið hefur áréttað við starfsfólk miðstöðva að stuðningsfjölskyldur eru veittar á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í e. lið 3. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra segir:

Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu getur að hámarki verið 15 sólarhringar á mánuði en þó að hámarki sjö sólarhringar þegar mál barns er til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur. Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

Velferðarsvið hefur ekki haldið því fram að hætta sé á að ættingjaráðningar séu misnotaðar. Hins vegar hefur verið áréttað við starfsfólk að í vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra sé mikilvægt að hafa í huga að þeir sem standa barninu næst fái að vera í því hlutverki sem telja verður eðlilegast hverjum þeim sem eru í nánum tengslum við barn. Stuðningsfjölskyldur eiga því að vera viðbót við fjölskyldunet barna og foreldra en ekki að koma í stað þess. Ráðningar



ættlingja eiga því eingöngu að vera undantekningar þegar aðkallandi aðstæður barna krefjast þess, t.d. þegar um alvarlega fötlun/veikindi er að ræða og/eða óvænt áföll. Mikilvægt er, þegar um er að ræða ættlingjaráðningar fyrir fötluð börn og börn með umfangsmiklar stuðningsþarfir, að ráðgjafinn eigi samtál við ættlingja um getu þeirra og aðstæður til að taka að sér slíkt hlutverk. Hafa skal í huga að í ákveðnum tilfellum þarf aðkoma ættlingja að vera tímabundin, t.d. ef um mikið álag á þá er að ræða.

Þegar um er að ræða börn með flóknar stuðningsþarfir, s.s. vegna veikinda eða fötlunar eru ættlingjar þeir aðilar sem kunna að vera best til þess fallnir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu, sem er þá viðbót við þann stuðning sem t.d. afi og amma veita jafnan. Í þeim aðstæðum þarf að fara fram reglubundið samtál við hlutaðeigandi aðila því stundum veitist nánnum ættlingjum erfitt til lengdar að sinna þessum viðbótarstuðningi. Það er því ekki æskilegt að velferðarsvið reiði sig á að ættlingjar séu þeir aðilar sem taki að sér slíkt hlutverk til lengri tíma. Því er áréttað að heimild til ráðninga ættlingja ætti að vera í undantekningartilvikum, en þó rétt að taka tilliti til sértækra þjónustubarfa fatlaðra og langveikra barna.